

Hafnafjarðarbær
Berglind Guðmundsdóttir
Norðurhella 2
220 Hafnarfjörður



Vestmannaeyjum 9. september 2016
UST201608-160/Þ.V.B.
09.07.01

Efni: Framkvæmdarleyfi á friðlýstum svæðum

Umhverfisstofnun hefur mótttekið erindi Berglindar Guðmundsdóttur fyrir hönd Hafnafjarðarbæjar, dags. 31. ágúst 2016, vegna leyfis til framkvæmda innan Reykjanesfólkvangs 12-13 september.


Reykjanesfólkvangur var stofnaður árið 1975, sbr. auglýsingu í Stjórnartíðindum B nr. 520/1975. Jarðrask á svæðinu er óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar.


Framkvæmd: um er að ræða endurheimt á votlendi við Bleiksmýri. Styrkur fékkst frá landbótarsjóði Landgræðslunar til verksins. Til stendur að moka ofan í um 270 metra af skurðum auk þess sem gerðar verða 3 stíflur. Þar sem mokað er ofan í skurðina er nýtt efni sem er fyrir í hrúgum við bakkana. Stíflurnar verða um 4 metra breiðar og verður sett í þær yfirfallsrör til að koma í veg fyrir að stíflurnar skolist í burtu í leysingum. Yfirfallsvatninu verður beint í gamla uppþornaða farvegi. Notað verður staðbundið efnið í stíflurnar. Torf verður rist ofan af jarðveginum og geymt. Jarðvegi mokað í stífluna og torfið sett þar yfir. Sárið þaðan sem jarðvegurinn var tekin verður látið eiga sig og staðbundin vatnagróður látin vaxa þar inn. Við verkið verður notuð beltagrafa og er gert ráð fyrir að verkið taki tvo daga.

Áhrifamat: Að mati Umhverfisstofnunar er um nokkuð rask að ræða á meðan framkvæmdir standa yfir en til lengri tíma munu þær verða svæðinu til hagsbóta og ekki til þess fallnar að skerða verndargildi svæðisins. Stofnunin veitir því leyfi fyrir framkvæmdinni innan friðlandsins eins og lýst er hér að ofan með eftirfarandi skilyrðum:

- Tilkynna skal til Umhverfisstofnunar um frávik á ofangreindri verklýsingu.
- Að dýralíf verði ekki fyrir truflun.
- Öllu raski við framkvæmdina verði haldið í algeru lágmarki.
- Gætt verður að mengunarvörnum beltagrófunar til að koma í veg fyrir að mengandi efni losni út í umhverfið.
- Akstur beltagrófunar verði bundinn við akstur frá vegi að framkvæmdarsvæðum sem merkt voru á kort í umsókn um leyfi fyrri framkvæmdunum og þess gætt að rask vegna akstursins verði sem minnst.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur þar með talin fjarlægingu ummerkja eftir akstur utan vegar.
- Umhverfisstofnun verði látin vita þegar framkvæmdir hefjast og þeim lýkur.

Virðingarfyllst


Sigrún Agúsdóttir
Sviðstjóri


Þórdís Vilhelmina Bragadóttir
Sérfræðingur